

Nd.

398. Breytingartillaga

[154. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá Gísla Guðmundssyni, Sigurvin Einarssyni, Halldóri Ásgrímssyni og Eysteini Jónssyni.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Enn fremur leggur ríkissjóður fram á árinu 1965 10 millj. kr., er verja skal til að greiða vinnslustöðvum, sem hafa erfiða rekstraraðstöðu, vinnsluuppbætur á smáfisk, á tilteknar fisktegundir og á fisk veiddan á vissum tímum árs eftir reglum, sem ráðuneytið setur, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og Landsambands ísl. útvegsmanna.